

**9. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 17. maí 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

1. Flóð Tunguá 13.02.2023 - 2302054

Tekið fyrir að nýju erindi er varðar flóð í Tunguá er þvottaplan.

Umhverfis- og byggingarnefnd leggur til að þvottaplan verði fjarlægð að því fundinn ný staðsetning í samvinnu við hagaðila. Nefndin leggur áherslu á að Strandgatan verði lagfærð og malbikuð, þá er mikilvægt að tengja að nýju Ártún við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Til framtíðar mætti breikka Tunguá við Ártún og hlaða grjóti til að verja húsið.

Sigurvin vék af fundi undir þessu lið

2. Niðurrif á brunarústum í Norðurbotni - 2304037

Tekið fyrir erindi frá Rögnu Helgadóttur f.h. Arctic smolt dags. 25.04.2023 þar sem sótt er um byggingarheimild til niðurrifs á mannvirki.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindið.

Sigurvin kemur inn á fund

3. Umsókn um sjólögn á Gileyri - 2305091

Tekið fyrir erindi frá Ingibjörgu Jónu Nóadóttur dags. 10.05.2023 f.h. Arnarlax þar sem sótt er um leyfi til að leggja fráveituútrásir á Gileyri.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindið enda er það í samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999.

4. Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg - 2302103

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt er að stofnunin hefur komið á fót gangagrunni um mengaðan jarðveg. Hægt er að nálgast gagnagrunninn á kortasjá.

Lagt fram til kynningar

5. Neysluvatnssýni 20.03.2023 - 2303166

Lagðar fram rannsóknarniðurstöður af neysluvatni á Tálknafirði dags. 21.03.2023. Vatnið stenst gæðakröfur skv. reglugerð 536/2001.

9. fundur
31.05.2023

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)